

Sjöundi fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn þriðjudaginn 25. mars 2014, klukkan 18:00 í Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, Grænásbraut 910, Reykjanesbæ.

Framkvæmdastjóri Keilis, Hjálmar Árnason, og samstarfsfólk hans tók á móti okkur og sögðu frá starfseminni, hvernig Keilir vinnur með grunnþætti menntunar, sérstaklega læsi, og tengingu við háskólastigið. Listakokkur skólans sá um veitingar. Guðbjörg landssambandsforseti var með okkur á fundinum. Innheimtar voru 1000 kr. pr. mann. Minnt var á vorþingið á Ísafirði 10. maí og aðalfund deildarinnar þar sem nýir félagar verða teknir inn mánudaginn 26. maí.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh Dao Train, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Löve, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir. Alls sóttur 24 konur fundinn.

Hjálmar Árnason gekk með okkur um skólann og sagði okkur frá starfinu. Lýsingin sem hér fer á eftir texti af heimasíðu skólans og helstu atriði frá kynningu starfsfólksins. Að kynnisferðinni lokinni settumst við inn í eina kennslustofuna þáðum veitingar og hlustuðum á kynningu nokkurra starfsmanna skólans. Námsframboð Keilis er fjölbreytt en þar er í boði Háskólabró, Tæknifræðinám, **Íþróttakademían** (BS gráða) og Flugakademían.

Háskólabró hefur undanfarin ár markað sér sérstöðu í að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning við nemendur. Nám á Háskólabró hefur gefið fjölda fólks nýtt tækifæri til náms og hafa flestir útskrifaðir nemendur hafið háskólanám að náminu loknu, við góðan orðstír. Fyrstu nemendur Háskólabrúar Keilis hófu nám haustið 2007 en skólinn starfar í samstarfi við Háskóla Íslands. Umsækjendur verða að hafa a.m.k. 70 framhaldsskólaeiningar. Að uppfylltum inntökuskilyrðum tekur nám á Háskólabró um eitt ár eftir því hvaða deild er valin. Haustið 2008 skrifaði Keilir og Háskóli Íslands undir samning þess eðlis að próf á Háskólabró skuli samkvæmt samningnum almennt teljast sambærilegt stúdentsprófi. Í kjölfarið hafa verið gerðir sambærilegir samningar við alla aðra háskóla á Íslandi.

Lögð er áhersla á svokallaða speglaða kennsluhætti (flipped classroom), en með því er átt við að hefðbundinni kennslu er snúið við þar sem fyrirlestrar og kynningar kennara eru vistuð á netinu. Nemendur geta horft og hlustað á kynningarnar eins oft og þeim sýnist og hvar sem þeim sýnist.

Að Háskólabró lokinni geta nemendur sótt um háskóla hérlendis og erlendis en þess ber að geta að Háskóli Íslands gerir þær kröfur að nemendur á Háskólabró séu orðnir 25 ára er þeir sækja um nám í HÍ.

Í Íþróttakademíunni er lögð áhersla á að þróa og bjóða uppá framúrskarandi nám á sviði heilsu, íþrótta- og uppeldisfræða. Nú þegar er kennt við skólann nám í ÍAK einkaþjálfun og ÍAK styrktarþjálfun sem hefur vakið verðskuldaða athygli og nýtur mikilla vinsælda. Auk þess býður Thompson Rivers University uppá leiðsögunám í ævintýraferðamennsku í samstarfi við ÍAK frá ágúst 2013.

Tæknifræðinám (BS gráða). Boðið er upp á fjölfaglegt og hagnýtt tæknifræðinám á háskólastigi í samstarfi við Háskóla Íslands. Námið er þriggja ára háskólanám sem veitir rétt til að sækja um starfsheiti tæknifræðings. Nemendur geta valið um mekatróník hátæknifræði eða orku- og umhverfistæknifræði. Námið hentar vel þeim sem hafa verkvit og áhuga á tæknilegum lausnum og nýsköpun.

Flugakademía Keilis býður upp á einka- og atvinnuflugmannsnám, flugþjónustunám og nám í flugumferðarstjórn, auk flugvirkjanáms í samstarfi við AST í Skotlandi. Lögð er áhersla á nútímalega kennsluhætti og kennslumhverfi en staðsetning skólans felur í sér einstakt tækifæri til þess að skapa frábæra aðstöðu til kennslu flugtengdra greina. Þegar á Keilir fimm glænýjar og fullkomnar kennsluflugvélar af gerðinni Diamond.

Að kynningunni á námsframboði Keilis lokinni ávarpaði **Guðbjörg Sveinsdóttir** forseti landssambands DGK okkur. Guðbjörg Sveinsdóttir gekk í þetadeild við stofnun hennar 26. nóvember 1998. Hún sagðist alltaf hafa litið upp til

Gammasystra vegna þess meðal annars hversu virkar þær væru í starfinu. Hún sagði margar deildir glíma við þann vanda að konur mæti ekki á fundi en slíkt ætti ekki við um Gammadeildina. Hún minntist á þingið á vegum alþjóðasamtakanna sem haldið verður í Minneappolis í sumar. Ingibjörg Jónasdóttir hefur verið fulltrí í Forum í fjögur ár og Guðbjörg sagði nú auglýst eftir nýjum fulltrúum þar. Hún minnti á þingið á Ísafirði í maí, hvatti konur til að skrá sig á þingið og benti á dagskrána á heimasíðunni. Að lokum las Guðbjörg ljóð um vorið eftir Stefán frá Hvítadal sem var vel við hæfi á þessum fallega sólríka degi.

Að lokum færði Árný þeim Hjálmar og Guðbjörgu rós, þakkaði Hjálmar fyrir einstaklega góðar móttökur og Guðbjörgu fyrir erindið og að gera okkur þá ánægju að vera með okkur á fundinum.

Björk Einisdóttir skráði.